

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
17.02.21	17:00	Á Mýrargörðum og Teams	10
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Hjördís Sveinsdóttir		17.02.21

Fundaraðilar mættir

**Félagsvísindasvið:**

*Erna Lea Bergsteinsdóttir fyrir Röskvu, varafulltrúi fyrir Arnald Starra Stefánsson*

*Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku*

*Vífill Harðarson fyrir Röskvu*

*Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku*

**Heilbrigðisvísindasvið:**

*Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu*

*Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu*

*Ingi Pétursson fyrir Vöku*

**Hugvísindasvið:**

*Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu*

*Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu*

*Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu*

**Menntavísindasvið:**

*Magdalena Katrín Sveinsdóttir fyrir Röskvu*

*Gabríela Sól Magnúsdóttir fyrir Röskvu*

*Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Röskvu*

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið:**

*Haukur Friðriksson fyrir Röskvu, varafulltrúi fyrir Herdísí Hönnu Yngvadóttur*

*Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu*

*Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu*

**Aðrir (án atkvæðisréttar):**

*Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ*

*Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ*

*Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ*

*Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ*

*Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti LÍS*

*Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS*

*Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS*

*Arnór Vilhjálmsson*

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

## Fundardagskrá

**Fundur Stúdentaráðs 16. desember 2020 á Teams kl. 17:00**

*Agenda Student Council Meeting on December 16th 2020 on Teams at 17:00*

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:25

*Announcements and issues ahead*

4. Kynning á Félagsstofnun stúdenta (Kynning og umræður) 17:25-18:05

*Presentation on the Icelandic Student Services (Presentation and discussion)*

5. Kynning á Landssamtökum íslenskra stúdenta (Kynning og umræður) 18:05-18:35

*Presentation on LÍS*

6. Hlé 18:35-18:45

7. Landsþing LÍS og landsþingsfulltrúar (Kynning og atkvæðagreiðsla) 18:45 - 19:15

*Landsþing LÍS and representatives on behalf of SHÍ*

8. Önnur mál 19:15-19:25

*Other issues*

9. Fundi slitið 19:25

*Meeting ends*

10. Bókfærð mál

## 1. Fundur settur

*Meeting begins*

- a. Fundur settur kl. 17:05

## 2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

## 3. Tilkynningar og mál á döfnni

*Announcements and issues ahead*

- a. Boðun á fundi. Isabel sendir aðeins Teams fundarboð á Stúdentaráð, en ekki tölvupóst. Isabel þarf að vita hver ætla að mæta á staðinn, biður Stúdentaráð um að senda póst á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) ef fólk ætlar að mæta í persónu framvegis.
  - i. Fundargögnin eru á heimasvæði í Outlook. Það stendur til boða að fá þetta á Drive, Isabel er með þetta þar líka. Ástráður býðst til að hjálpa þeim sem kunna ekki á heimasvæðið í Outlook.
  - ii. Ef að Stúdentaráðsliðar komast ekki á fundinn biður Isabel þau um að senda á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) og tilgreina varafulltrúa.
- b. Loftslagsverkfallið er á sínum stað kl. 12:00 á föstudögum. Eru í herferð sem skiptast í greinaátak, mótmæli og myndbönd. Hvetur Stúdentaráðsliða til þess að mæta á verkföllin.
- c. Háskóladagurinn verður laugardaginn 27. febrúar á Zoom. SHÍ verður með fund þar. Það eru komin drög að dagskrá. Isabel verður með kynningu um Stúdentaráð, Sviðsráðsforsetar verða með kynningu á Sviðsráði, Hugrún kynnir og fulltrúi nemendafélags kemur.
- d. FS og Vetrargarðar. FS koma með kynningu á eftir, Isabel hvetur Stúdentaráðsliða til að koma með spurningar. Eru að fara í framkvæmdir á Vetrargörðum og 34 fjölskyldur þurfa að flytja. Það hefur skapast rými til að gera þetta vegna afleiðinga Covid, þ.e. það er laust húsnæði sem er hægt að flytja fólk í. Isabel sat upplýsingafundina sem voru boðaðir fyrir íbúa Vetrargarða. Þegar málið kom upp fékk Isabel ábendingu um það og hún heyrði í FS. Í síðustu viku heyrði fulltrúi íbúa Vetrargarða í Isabel. Isabel fundaði líka með rektor. HÍ getur boðið auka 5 íbúðir, sem hafa ekki verið í notkun vegna covid.

*Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS og Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS koma inn á fundinn.*

- e. Hótel Saga. Isabel átti fund með rektor í dag. Það er enn verið að ræða þetta hjá ráðuneytunum en rektor er vongóður. Hann ítrekaði þó að það þurfi margt að ganga upp svo að þetta fari í gegn. Isabel ítrekaði lyklatríði um að samstarf við FS verði gott og að það verði Háma á svæðinu.

- f. Hugrún og Stúdentaráð. Átak hefst í næstu viku 22. - 26. febrúar, þar sem við miðlum góðum ráðum til nemenda. Þau verða með Instagram Háskóla Íslands í næstu viku. Karen, formaður Hugrúnar, kemur á Háskóladaginn. Deilum efni frá Hugrúnu. Þau sjá alfarið um efnið.
- g. Félagi ársins er viðurkenning fyrir sjálfboðastarf innan aðildarfélaga LUF. Enginn búinn að senda inn tilnefningu fyrir SHÍ enn.
- h. Sambandsþing LUF fer fram laugardaginn 27. febrúar. Erum með tvö laus pláss. Fólk getur sent á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is), sent á okkur á Facebook eða heyrt í Guðnýju beint ef það vill koma. Þarna verður kosið um ungmennaráðafulltrúa Sameinuðu þjóðanna vegna mannréttinda. Líka kosið um nýja stjórn LUF og öll aðildarfélögin geta tilnefnt. Ef einhver hafa áhuga á að fara í stjórn LUF má senda á [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is). Það er til skoðunar að LÍS taki sæti hjá LUF, þá myndi SHÍ missa sitt sæti.
- i. Sóttum um styrk til ungmennafélaga vegna áhrifa COVID-19 frá MRN. Fengum 300.000 kr. í styrk.
- j. Fundur með nemendafélögunum verður á morgun. Sviðsráðsforsetum er líka boðið. Fundurinn verður á Teams.
- k. RÚV hafði samband varðandi heimildarþættina. RÚV er hluti af Nordvision sem er samstarf á milli norrænu ríkisstöðvanna. Stöðvarnar bjóða hvoru öðru efni til að sýna. Ef við samþykkjum, þá vildu þau bjóða stöðvunum efnið. Sýningarréttur er þá að kostnaðarlausu. Stúdentaráð á þættina, en RÚV er með sýningarrétt.
- l. Stúdentaráðskosningar verða 24 og 25. mars. Kjörstjórn fundar aftur í þessari eða næstu viku vegna framkvæmd kosninga.
- m. Næstu stúdentaráðsfundir verða 10. mars og 21. apríl. 10. mars verður lagabreytingafundur. Opnað verður fyrir lagabreytingar og þurfa að berast í síðasta lagi 3. mars.
- n. Stjórn Stúdentaráðs fundaði í síðustu viku. Ræddu helst um landsþing LÍS og nýja könnun Stúdentaráðs á líðan og stöðu stúdenta á vinnumarkaði.

*Sara Þöll Finnbogadóttir kemur inn á fundinn kl. 17:31.*

#### 4. Kynning á Félagsstofnun stúdenta (Kynning og umræður)

*Presentation on the Icelandic Student Services (Presentation and discussion)*

- a. Kynning á ársreikning FS.
  - i. Leggja í viðhaldssjóð jafn óðum. Það koma 6 ár þegar það hallar á viðhaldssjóð. Þegar fasteignamat hækkar myndar það þrýsting á líkan FS. Hækkun á húsaleigu hefur verið lítill hluti af því sem hefur þurft til að lækka hallann.
  - ii. Háma og kaffistofurnar voru reknar í tapi á síðasta starfsári vegna covid.
  - iii. Vatnstjón setti strik í reikninginn á nýju ári.
  - iv. Bóksalan hefur staðið sig nokkuð vel, netsalan hefur komið sterkt inn.

- v. Kaffibolli, filakaramellur og heiti maturinn eru þrjár söluhæstu vörurnar í Hámu.
- vi. Mun Háma í Stakkahlíð opna aftur? Það eru ekki nein plön um að halda stöðunum lokuðum. Sóttvarnarhólfín hafi takmarkað aðgengi að veitingasölu. Þau vilja gjarnan opna aftur, ef aðstæður leyfa.

*Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti LÍS, kemur inn á fundinn kl. 17:57.*

- vii. Verður Háma í Húsi íslenskunnar? Það hefur ekki verið rætt um það. Væri gott ef að Stúdentaráð gæti talað fyrir þessu.
- viii. Er enginn nemendafulltrúi í þessum hóp vegna Húsi íslenskunnar t.d.? Magdalena er í slíkum hóp fyrir Menntavísindasvið. Isabel svaraði að við eigum fulltrúa í skipulagsráði.

*Fulltrúar FS yfirgefa fundinn kl. 18:12.*

*Haukur Friðriksson yfirgefur fundinn kl. 18:12.*

#### 5. Kynning á Landssamtökum íslenskra stúdenta (Kynning og umræður)

##### *Presentation on LÍS*

- a. Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti LÍS, kynnir starfsemi samtakanna.

*Ingi Pétursson kemur á fundinn.*

- b. Föstudaginn 19. febrúar er frestur fyrir aðildarfélög til að skila breytingatillögum á lögum, stefnum, skil á öðrum málum og framboðsfrestur rennur út.
- c. Jóhanna kynnir dagskrá þingsins ef það verður í persónu og dagskrá ef það verður á netinu. Dagskráin er stytt töluvert ef hún verður á netinu.
- d. Aðildarfélagið sem leggur fram breytingartillöguna þarf að samþykka munnlegar breytingatillögur.

*Katla Ársælsdóttir yfirgefur fundinn kl. 18:37.*

- e. Vífill spyr varðandi embættin, verður það birt fyrirfram. Jóhanna segir að framboðsfrestur renni út á föstudaginn. Framboðin eru birt sólarhring síðar á vefsíðu LÍS. Ef ekki berst framboð í öll embætti verður framboðsfresturinn fyrir þau embætti lengdur fram að dagskrárlið kosninga á landsþingi.
- f. Tölvupóstfang Jóhönnu er [johanna@studentar.is](mailto:johanna@studentar.is) ef það eru einhverjar spurningar.

#### 6. Hlé

- a. Hlé er 18:41 - 18:51

#### 7. Landsþing LÍS og landsþingsfulltrúar (Kynning og atkvæðagreiðsla)

##### *Landsþing LÍS and representatives on behalf of SHÍ*

- a. Isabel segir frá. Förum yfir tillögu um hvernig þingfulltrúar SHÍ verða skipaðir. Tillagan er byggð á tillögunni frá því í fyrra. Skrifstofan væri með 3 fulltrúa og

Stúdentaráðsliðar með 10. Skiptingin á þessum 10 sætum fer eftir niðurstöðum kosninga í fyrra. Ef það næst ekki að fylla í þau sæti, þá færi þetta á meðlimi fylkinganna. Röskva fengi 7 fulltrúa, Vaka fengi 3 fulltrúa og skrifstofan 3 fulltrúa.

- i. Atkvæðagreiðsla um tillöguna. Samþykkt með 14 atkvæðum.
- b. Aðildargjöldin. Skv. lögum LÍS þarf að hækka það á ári hverju en það var ekki gert á síðasta ári. Lögin segja til um að hækkunin megi ekki vera yfir 4%, en þyrfti að vera 6%. Þetta verður kynnt samhliða fjárhagsáætlun. Isabel sér ekki ástæðu til að setja sig upp á móti þessu. Munurinn á 4% hækkun og 6% hækkun eru um 7.500 kr.
- c. Lagabreytingar.
  - i. 491-494 Breyting á heildarargjöldum.
  - ii. 478-480 ábyrgð á fjármögnun
  - iii. 486 skýring á árgjaldi
  - iv. 309 vegna tilnefningar fulltrúa í stjórn Menntasjóðsins
    1. Isabel fer yfir minnisblað um stöðu og framtíð lánasjóðsmála. SHÍ átti einn fastan fulltrúa í stjórn LÍN en með nýjum lögum MSN skipar LÍS fulltrúana þrjá. Það verður enn fulltrúi ríkisrekinna háskóla, einkarekinna eða háskóla sem innheimta skólagjöld og íslenskir stúdentar erlendis. Sara Þöll segir frá. Það verður sér verklag sem er sett inn undir önnur mál á þinginu, sem segir að SHÍ haldi sætinu sínu amk. til næstu fjögurra ára. SHÍ mun þjónusta SHA, Landbúnaðarháskólann og Háskólann á Hólum. Stúdentar úr mörgum skólum hafa verið að hafa samband við lánasjóðsfulltrúa SHÍ. Viljum herra starfshlutfall og meira fjármagn þar sem við munum þjónusta fleiri en áður.

*Brynhildur yfirgefur fundinn kl. 19:17.*

2. LÍS lögðu fram breytingatillögu. Isabel hefur nokkrar athugasemdir við hana. Samkomulag um verklag ríkisrekinna háskóla hefur náðst. SHÍ getur ekki tilnefnt á landsþing, en kjörfundur er eftir landsþing og við værum ekki tilbúin með fulltrúa þá. Sömuleiðis hjá SFHR. Tillaga SHÍ talar um að tilnefningin fari fram á skiptafundi. Einnig athugasemd um tilnefningar, en það er yrði eðlilegra að félögin tilkynni um fulltrúa. Það er einnig í takt við það sem einkareknu háskólarnir og SÍNE gera. Skerpa á því að þessi félög hafi komist að samkomulagi.

*Erna Lea yfirgefur fundinn kl. 19:29.*

- v. Lagabreytingar LÍS.

*Sara Þöll yfirgefur fundinn kl. 19:31.*

- vi. Stefnur LÍS.

8. Önnur mál

*Other issues*

- a. Tillaga um aðkomu Stúdentaráðs að innri vef Háskóla Íslands. Tillaga um að SHÍ beiti sér fyrir því að bæta við því að setja skilaboðahnapp á Canvas.
  - i. Vífill kemur með breytingatillögu:
    1. “Undirritaður telur þetta einnig vera mikilvægt skref í að auka kjörsókn í kosningum til Stúdentaráðs sem hefur farið minnkandi, með auknum áhuga og vitund stúdenta á ráðinu..” í staðinn fyrir “Í stúdentaráðskosningum árið 2020 var kjörsókn aðeins 28% og hefur hún því miður farið minnkandi síðustu ár og því telur undirritaður þetta vera mikilvægt skref í að auka áhuga og vitund stúdenta á ráðinu. og með því, vonandi aukinni kjörsókn.
    2. Kosning um breytingartillögununa. Samþykkt með 12 atkvæðum.
  - ii. Kosning um tillöguna í heild sinni. Samþykkt með 12 atkvæðum.

*Hólmfríður María Böðvarsd. Howard yfirgefur fundinn kl. 19:44.*

- b. Staða stúdenta á vinnumarkaði
  - i. Maskína - vinna að því að birta gögnin. Úrskurðurinn sagði að þetta voru opinber gögn.
  - ii. Könnun með LÍS fer að fara út bráðum. LÍS munu notast við Maskínu aftur og eru í beinum samskiptum við þau. Stúdentaráð munu deila könnuninni. Sumar spurningar frá MRN skipta ekki máli í kortleggingu stöðu stúdenta á vinnumarkaði. 12 spurningar um fjarkennslu. Isabel sendi athugasemdir til LÍS um þetta. MRN ætlar ekki að fjármagna nema þetta sé inni.
  - iii. Ef Stúdentaráðsliðar hafa einhverjar spurningar um þetta samstarf má heyra í Isabel.

## 9. Fundi slitið

*Meeting ends*

- a. Fundi slitið kl. 19:52

## 10. Bókfærð mál

- a. Jafnréttisnefnd
- b. Sviðsráð Menntavísindasviðs
- c. Tilnefning SHÍ til ungmennafulltrúa SP á sviði mannréttinda